

Nr. 119 / 09 Steini GK 45***Skipverji slasast á höfði og hné***

Skipaskr.nr. 2443
Smíðaður: Hafnarfirði 2000, plast
Stærð: 5,7 brl. 10,3 bt.
Mesta lengd: 9,9 m Skráð lengd: 9,88 m
Breidd: 3,4 m Dýpt: 1,27 m
Vél: Yanmar 275 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 2



Steini©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. mars 2009 var Steini GK 45 á línuveiðum út af Sandgerði. Veður: Ekki vitað.

Þegar bátsverjar voru að leggja línuna festist tóg frá fuglafælustöng í henni og var farið að taka mikið í stöngina þegar skipstjóri sló af og kúplaði frá skrúfu. Þeir ætluðu að skera á tógið en þá brotnaði stöngin, slóst í höfuð annars þeirra og kastaði þeim báðum í þilfarið. Annar skipverjinn fékk skurð á höfuð svo siglt var til hafnar í Sandgerði og hann fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að fuglafælan er 1 ½“ rör sem fest var niður í festingu handfærarúllu á miðri bakborðssíðu. Hún nær um tvo metra upp frá festingunni og í efri enda hennar er fest tóg um 60 faðma langt en á það eru hnýttir plastpokar með reglulegu millibili. Tógið er dregið á eftir bátnum til að fæla fugla frá því að ná beitunni af línunni á meðan verið er að leggja. Á sumum línubátum er þetta tóg fest í stöng upp af mastrinu eða beint í mastrið.
- að skipstjóri taldi ekki ráðlegt að bakka því þegar hætti að taka í línuna safnaðist hún við skutinn og hefði því farið strax í skrúfunu;
- að skipstjóri taldi ráðlegt að færa stöngina aftast á annað skuthornið og jafnvel að hafa það á þolinmóð. Þá sé hægt að fella stöngina aftur af bátnum og tógið smokkist þá upp af henni við svona aðstæður;

- að skipstjóri sagðist hafa þurft að skera frá sér fuglafælutóg oft áður en á bát sem hann hafi átt var hann með grennra efni (4mm) nokkra metra aftur fyrir bátinn og það hafi nokkrum sinnum slitnað. Hann hafi ekki útbúið þessa fuglafælu á bátinn heldur hafi hún verið um borð þegar hann tók við skipstjórn.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að skipverjar voru í „skotlínu“ fuglafælnnar þegar reynt var að skera á tógið sem tók í með vaxandi átaki.